



29. stjórnarfundur LH
1. júní 2022 kl. 20:00
Fjarfundur

Mætt: Guðni Halldórsson, Stefán Logi Haraldsson, Hákon Hákonarson, Sóley Margeirsdóttir, Einar Gíslason úr aðalstjórn. Aníta Aradóttir úr varastjórn.

Forföll boðuðu: Gréta V. Guðmundsdóttir og Siguroddur Pétursson úr aðalstjórn.

Fjarverandi: Lilja Reynisdóttir, Ómar Ingi Ómarsson og Ingimar Baldvinsson úr varastjórn.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerðar 28. fundar

2. Ársreikningur LH 2021 - drög

Gjaldkeri fór yfir drög að ársreikningi LH 2021 og gerðar voru athugasemdir við tvö atriði.

Afgreiðsla: Ársreikningur 2021 samþykktur með fyrirvara um frekari útskýringar á vafaatriðum.

3. Ráðning starfsmanns afreks- og mótamála

Óskað er eftir heimild stjórnar til að ráða starfsmann í nýtt stöðugildi á skrifstofu LH, starf afreks- og mótastjóra. Í starfinu felst annars vegar að halda utan um afreksstarf sambandsins og undirbúa þátttöku landsliðs á stórmótum og hins vegar að halda utan um keppnis- og mótamál LH, auk þess að taka þátt í daglegum störfum á skrifstofu eftir þörfum skv. meðfylgjandi starfslýsingu.

Afgreiðsla: Samþykkt að ráða starfsmann afreks- og mótamála. Formanni, gjaldkera og framkvæmdastjóra falið að finna hentugan kandiðata í starfið.

4. Viðbrögð vegna meintra alvarlegra brota

Formaður LH leggur til

„Stjórn LH samþykkir að haft sé að leiðarljósi það meginviðmið, þegar mál einstaklinga eru til meðferðar hjá rannsóknar- eða ákærvaldi og/eða samskiptaráðgjafa, vegna meintra alvarlegra brota, að þá skuli viðkomandi stíga til hliðar í hlutverki sínu hjá LH á meðan meðferð máls stendur yfir. Það gildir jafnt um dómara, þjálfara, keppendur, forystumenn, starfsmenn og aðra þá sem eru innan LH.“

Lagt er til að þessi samþykkt taki gildi strax en áfram verið unnið að heildar viðbragðsáætlun þar sem horft verður til vinnu annara sambanda og skýrslu starfshóps ÍSÍ um verkferla, vinnubrögð og viðmið í íþróttahreyfingunni og sú áætlun lögð fyrir stjórn og laganefnd LH.

Afgreiðsla: Tillaga dregin til baka. Ákveðið að fá samskiptafulltrúa ÍSÍ á fund stjórnar LH og kynna starf sitt.

5. Félagatal aðildarfélaga LH

Felix, gamla félagatalskerfi ÍSÍ verður lagt niður á þessu ári. ÍSÍ hefur fært starfsskýrsluskilin yfir í Sportabler en finna þarf kerfi sem heldur utan um félagatalið í framtíðinni, það verður að vera kerfi sem talar auðveldlega við SportFeng og öll félögin þurfa að vera með sama kerfið.



Tilboð hefur borist frá Sportabler sem miðast við að LH kaupi aðgang að kerfinu fyrir sín aðildarfélög og skipti kostnaðinum á milli félaganna. Hinn möguleikinn er að forrita SportFeng til að halda utan um félagatalið.

Tölvunefnd er með málið til skoðunar og mun leggja fyrir stjórn tillögu að því hvaða kerfi skuli nota.

Afgreiðsla: Til kynningar

6. Valnefnd – skipan þriggja nefndarmanna

Reglugerð um valnefnd kveður á um að stjórn LH skipi þrjá nefndarmenn í valnefnd ár hvert, formaður nefndarinnar kemur úr stjórn LH.

Afgreiðsla: Skipað hefur verið í nefndina og nefndin nýtur nafnleyndar.

9. Önnur mál

a. Fundur LM ehf. með framkvæmdastjórn Landsmóts 2022

Stjórn LM ehf, formaður LH og framkvæmdastjóri LH hittu framkvæmdastjórn Landsmóts á Hellu. Undirbúningur gengur vel og stefnir í gott Landsmót á Rangárbökkum í sumar.

b. Erindi barst frá foreldri unglings sem tók þátt í úrtöku fyrir landsmót og lenti í 11-12 sæti en aðeins 11 knapar fara frá Fáki á Landsmót. Niðurstaðan var sú að betri árangur í hinni umferðinni var látinn gilda eins og kveður á í lögum LH gr. 6.5. Farið er fram á leyfi til þess að báðir keppendur hljóti sæti á Landsmóti.

Afgreiðsla: Stjórn LH hafnar beiðni um að Fákur fái undanþágu til að senda fleiri knapa á Landsmót, í unglingsflokki, en reglur kveða á um. Samþykkt að vísa erindinu til keppnisnefndar til skoðunar á hvort einhver vafi sé um túlkun á gr. 6.5. í lögum LH.

c. Sumarfundur stjórnar verður haldinn fimmtudaginn 9. júní. kl. 16.

Fundi slitið kl. 21.41